

Frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum

[Menntamálaráðherra](#) hefur lagt fram á Alþingi [frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum](#). Við gerð þess hefur verið litið almennt til framkvæmdar laga um grunnskóla og þeirra álitamála sem upp hafa komið, m.a. tengd úrskurðum ráðuneytisins á grunnskólastiginu. Auk þess hafa sérstaklega verið til skoðunar heimildir til stofnunar og reksturs einkarekinna grunnskóla, viðurkenning þeirra og réttur til opinberra fjárframlaga.

Meginbreytingarnar sem frumvarpið felur í sér frá núgildandi grunnskólalögum eru eftirfarandi:

Ákvæði gildandi laga um stofnun grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum eru gerð skýrari, auk þess sem lagt er til að lögbundið verði lágmarksfjárframlag sveitarfélaga til reksturs þeirra, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að tryggja frekar en nú er rekstrargrundvöll þeirra.

Ákvæði gildandi laga um ráðningu aðstoðarskólalögum er breytt og horfið frá

því að lögbinda að skylt sé að ráða aðstoðarskólalögum. Á móti verði kveðið á um að ef ekki er starfandi aðstoðarskólalögum við grunnskóla ákveði skólalögum í upphafi skólaárs, í samráði við skólanevnd, hver úr hópi ótímabundið ráðinna kennara skólans skuli annast skólalögum í forföllum hans. Þá er gert ráð fyrir að skólanevnd staðfesti gildistöku skólalögumskrár og að skólanevnd hafi það hlutverk að stuðla að samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla, auk samstarfs leikskóla og grunnskóla eins og er í gildandi lögum.

Aukið er á sveigjanleika við framkvæmd kennslu með því að fella niður ákvæði um lágmarks kennslustundafjölda á viku og að meðallengd kennslustunda skuli vera 40 mínútur. Lagðar eru til viðtækari heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina og jafnframt veitt aukið svigrúm til undanþágu frá skólasókn nemenda vegna reglubundins náms eða íþróttaiðkunar utan skóla eða af öðrum gildum ástæðum.

Skerpt er á lögbundnum umsagnarrétti

foreldraráða þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiriháttar breytinga á skólalögum og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær liggur fyrir, auk samráðs sveitarstjórna við foreldraráð vegna undirbúnings við gerð skólalögum.

Sérstök áhersla er lögð á aukinn þátt nemenda í skólalögum með því að lögbundið verði, með sama hætti og foreldraráð, að við hvern grunnskóla skuli starfa nemendaráð og er þeim ætlað aukið hlutverk frá því sem er í gildandi lögum. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólalögum, auk þess sem menntamálaráðherra er falið, í samráði við [Samband íslenskra sveitarfélaga](#), að setja reglugerðir um skólaakstur og um slysavarnir og öryggismál í grunnskólalögum og á skólalögum.

Lögð er til breyting á málsmeðferðarreglum gildandi laga, auk þess sem orðalagi í nokkrum greinum er breytt eða það gert skýrara.

Nefnd um eflingu starfsnáms

[Menntamálaráðherra](#) hefur skipað nefnd sem falið er að skoða leiðir til að efla starfsnám. Nefndinni er ætlað að kanna hvernig stuðla megi að aukinni aðsókn í starfsnám, einfalda skipulag þess og tryggja fjölbreytt framboð náms. Þá á nefndin að kanna möguleika á auknum sveigjanleika í starfsnámi, samfellu og tengsl starfsnáms á framhaldsskólalögum við grunnskóla- og háskólalög.

Nefndinni er falið að endurskoða IX. kafla [framhaldsskólalaga](#) er fjallar um starfsnám og gera tillögur um eflingu starfsnáms til framtíðar. Hún á að meta hvort þörf sé á endurskoðun á skipulagi starfsnáms, m.a. hlutverki, skipulagi og starfsemi starfsgreinaráða og samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólalögum.

Í nefndinni sitja Jón B. Stefánsson, skólameistari [Fjöltækniskóla Íslands](#), formaður, án tilnefningar, Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, tilnefnd af [Kennarasambandi Íslands](#), Baldur Gíslason, skólameistari [Lönskólans í Reykjavík](#), án tilnefningar, Emil B. Karlsson, verkefnisstjóri, tilnefndur af [Samtökum atvinnulífsins](#), Hjálmar Árnason alþingismaður, án tilnefningar, Ingi Bogi Bogason sviðsstjóri, tilnefndur af

[Samtökum iðnaðarins](#), Margrét Friðriksdóttir, skólameistari [Menntaskólans í Kópavogi](#), tilnefnd af [Félagi íslenskra framhaldsskóla](#) og Stefán Ó. Guðmundsson fræðslufulltrúi, tilnefndur af [Alþýðusambandi Íslands](#).

Undirritun skólasamninga við framhaldsskóla

Hinn 6. febrúar sl. undirrituðu [menntamálaráðherra](#) og skólameistarar 25 framhaldsskóla svokallaða skólasamninga milli menntamálaráðuneytis og viðkomandi skóla í Þjóðmenningarhúsinu.

Fyrri samningar þessara aðila runnu flestir út um sl. áramót og höfðu eftir atvikum gilt í næstliðin þrjú ár. Samningarnir eru gerðir í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar frá 11. nóvember 1997 um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Samningarnir eru ramma um samskipti skólanna og ráðuneytisins um fagleg og fjárhagsleg efni, námsframboð, nemendatölur og fjárlagatillögur, sjálfsmat og upplýsingagjöf svo að hið helsta sé talið.

Meginbreytingin frá fyrri samningum felst í viðtækari samvinnu innan ráðuneytisins og aðkoma fleiri að gerð þeirra. Aðkoma skólanna að nemendaspám og fjárlagagerð á þeim grunni er betur tryggð en áður.

Styrkir úr þróunarsjóðum

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki til þróunarverkefna í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

[Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands](#) (RKHÍ) annast umsýslu með þróunarsjóðum leik- og grunnskóla. Við úthlutun styrkja úr [Þróunarsjóði leikskóla](#) njóta forgangs verkefni er varða lýðræði í leikskólalögum með áherslu á jafnrétti svo og verkefni er taka til náttúruvísinda í leikskólum. Við styrkveitingar úr [Þróunarsjóði grunnskóla](#) njóta forgangs verkefni er varða lýðræði í skólalögum, vinnubrögð og verklag í námi og jafnréttisfræðslu í skólalögum. Umsóknir skulu berast til RKHÍ á rafrænu formi fyrir kl. 16:00, 27. febrúar. Rafræn umsóknareyðublað og upplýsingar um fylgigögn eru aðgengilegar á [vef RKHÍ](#). Auglýsingar um styrkina er að finna á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Styrkir úr [Þróunarsjóði framhaldsskóla](#) eru veittir til þróunarverkefna í framhaldsskólum og fullorðinsfræðslu. Umsóknir skulu berast til ráðuneytisins í síðasta lagi 28. febrúar nk. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er á [vef menntamálaráðuneytis](#).

